
1972 nr. 40 24. maí**Lög um sameiningu Borgarfjarðar-
hrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í
Norður-Múlasýslu í einn hrepp**

Tóku gildi 1. janúar 1973. Breytt með l. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992) og l. 73/1996 (tóku gildi 19. júní 1996).

■ **1. gr.** Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu skulu vera einn hreppur, sem heitir Borgarfjarðarhreppur.

■ **2. gr.** Kostnaður við fjallskil á eyðilöndum í Loðmundarfirði skiptist þannig, að eigendur eyðjarða bera $\frac{1}{4}$, sveitarfélög þau, er fjárvon eiga í löndum þessum, sameiginlega $\frac{1}{2}$ og ríkið $\frac{1}{4}$. Kostnaður eyðjarðaeigenda skiptist á milli þeirra

í réttu hlutfalli við landverð eyðjarðanna samkvæmt gildandi fasteignamati. Sá hluti fjallskilakostnaðarins, sem kemur í hlut sveitarfélaganna samkvæmt grein þessari, skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þess fjár, sem kemur af fjalli og tilheyrir íbúum hvors þeirra fyrir sig.

□ ...¹⁾

□ Sýslumaður Norður-Múlasýslu annast innheimtu á framlögum til greiðslu fjallskilakostnaðarins.

¹⁾ L. 73/1996, 33. gr.

■ **3. gr.** Kostnaður við eyðingu refa og minka í Loðmundarfirði samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957 endurgreiðist Borgarfjarðarhreppi næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd við eyðingu refa og minka hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.